



**ATVINNU-, FERÐA- OG
MENNINGARNEFND
HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026**

10. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn mánudaginn 22. ágúst 2024 kl. 15:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Fundað um Uppskeruhátíð sem var haldin 7. September 2024 frá kl 13:00-17:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Mættir eru: Ragnhildar S. Eypórsdóttur formaður, Arna Þöll Sigmundsdóttir nefndarmaður sem ritaði fundargerð í tölvu. Auk þeirra sat fundinn Lína Björg Tryggvadóttir byggðaþróunarfulltrúi uppsveita og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

1. Lína Björg Tryggvadóttir kynnti sig fyrir nefndarmönnum og fór yfir þá hluti sem að hún sér um fyrir sveitarfélögin sem snýr að okkar nefnd. Lína kemur að hluta til að skipulagningu fyrir Uppskeruhátíðina, hún var í sambandi við fyrirtæki í kring um opnunartíma og viðburði sem tengjast uppskeruhátíðinni og tók saman dagskrá og auglýsingar.
2. Rætt var um að gaman væri að fá fleiri grænmetisbændur með okkur í uppskeruhátíðar markaðinum í Félagsheimili Hrunamanna því upphaflega var þessi markaður ætlaður fyrir uppskeru bænda til að selja vörurnar sínar á haustin. En margt hefur breyst með tímanum og eru margir komnir með sínar vörur til sölu beint frá býli og þess vegna hefur markaðurinn aðeins breyst á seinni árum. Rætt var um hvernig við sjáum markaðinn fyrir okkur næstu ár og hvað mætti betur fara og hvert við viljum stefna með þessa skemmtilegu hátíð.
3. Mikil og fjölbreytt dagskrá verður þennan dag um alla sveitina og eykst fólksfjöldi á hverju ári sem leggur leið sína til okkar á Uppskeruhátíð Hrunamanna.

4. Fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps sér um kaffisölnuna í ár, eins og síðustu ár og stendur kaffisalan yfir allan markaðinn í Félagsheimili Hrunamanna og geta gestir keypt sér flottar veitingar. Allur ágóði af sölnunni mun renna til góðra málefna innan sveitarinnar. Kvenfélagið sér einnig um að hluta að hjálpa til við að setja upp og ganga frá borðum fyrir markaðinn ásamt Atvinnu, Ferða og Menningarnefnd Hrunamannahrepps.
5. Farið yfir pantanir á borðum og horft á yfirsýn og skipulagt við hverja skal tala til að hafa fjölbreytt og skemmtilegt úrval á vörum á markaðinum. Skipt niður verkum og skipulagt störfín í kringum hátíðina í heild sinni.
6. Skipt niður verkum og skipulagt störfín í kringum hátíðina í heild sinni.
7. Hafa þarf dagskrá og merkingar í lagi til að auðvelda gestum að finna það sem er í boði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:26.

Arna Þóll Sigmundsdóttir